

Alþingi

Reykjavík, 6. mars 2018

Allsherjar- og menntamálanefnd

Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um mannanöfn sem fella eiga úr gildi lög nr. 45/1996, sbr. þingskjal 150 – 83. mál á 148. löggjafarþingi 2017–2018.**

Hér í upphafi er vakin athygli á því að samkvæmt lögum hefur Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum m.a. það hlutverk að veita ráðgjöf og leiðbeiningar um málfarsleg efni og að á stofnuninni starfa fræðimenn með sérþekkingu á sviði mannanafna sem reiðubúnir eru til þess að koma að starfi við endurskoðun laga um mannanöfn. Í greinargerð með fyrirleggjandi frumvarpi eru færð ýmis rök, sem taka má undir, fyrir því að breyta núgildandi lögum um mannanöfn. En ástæða er til þess að gera athugasemdir við atriði í frumvarpinu sem snúa að afstöðu til íslensks máls og íslenskra nafnasiða.

Í íslenskri málstefnu segir að stefnt skuli að því að íslenska verði áfram notuð á öllum sviðum íslensks samfélags. Einnig er í stefnunni lögð áhersla á varðveislu málsins og að viðhalda skuli samhengi íslensks máls frá kynslóð til kynslóðar. Opinber íslensk málstefna var kynnt í ritinu *Íslenska til alls – tillögur Íslenskrar málnefndar að íslenskri málstefnu* (2008) sem Íslenski málnefnd var falið að semja af þáverandi menntamálaráðherra árið 2007. Alþingi samþykkti árið 2009 ályktun um að samþykkja þessar tillögur sem opinbera stefnu í málefnum íslenskrar tungu og lýsti yfir stuðningi við það meginmarkmið að íslenska yrði notuð á öllum sviðum íslensks samfélags.

Ekki verður séð að fyrirleggjandi frumvarp að lögum um mannanöfn samræmist markmiðum íslenskrar málstefnu um að íslenska skuli notuð á öllum sviðum samfélagsins því að fallið er frá því að mannanöfn skuli vera íslensk. Einnig gengur frumvarpið gegn þeirri stefnu að stuðla að varðveislu íslensku því að í frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir ákvæðum sem hafa að markmiði að vernda og viðhalda hinum íslenska kenninafnasið með föður- og móðurnöfnum. Samkvæmt frumvarpinu verður öllum frjálst að taka upp annars konar kenninöfn, t.d. ættarnöfn.

Í núgildandi lögum er gert ráð fyrir því að nöfn skuli vera íslensk, en í því felst þó ekki að einungis megi heita rótgrónum íslenskum nöfnum á borð við *Sigríður* eða *Gunnar*, heldur er einnig gert ráð fyrir t.d. tókunöfnum, nöfnum af erlendum uppruna sem tekin eru inn í íslenskt mál og aðlöguð að íslensku málkerfi og ritreglum. Ákvæði núgildandi laga, um að nöfn, sem tekin eru inn á íslenska mannanafnaskrá, skuli samræmast íslensku málkerfi og ritreglum, hafa sætt gagnrýni og oftast þegar tillögum að nýju nafni er hafnað er það gert á grundvelli þessara ákvæða. Líkt og áður kom fram er Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum tilbúin til þess að koma að starfi við endurskoðun þessara ákvæða ef þurfa þykir. Ekki þykir ráðlegt að fella umrædd ákvæði brott með öllu líkt og gert er ráð fyrir í frumvarpinu.

Í lögum um mannanöfn er gert ráð fyrir því að allir beri kenninöfn eftir íslenskum nafnasiðum, þ.e. föður- eða móðurnöfn, nema þeir sem báru ættarnöfn sem kenninafn áður en lögín tóku gildi og niðjar þeirra, auk útlendinga sem fá íslenskan ríkisborgararétt og afkomendur þeirra. Öllum er hins vegar frjálst að taka upp ígildi ættarnafns sem „millinafn“, en formlegur munur á því og eiginlegu ættarnafni er einungis sá að millinafn getur ekki komið í stað föður- eða móðurnafns sem kenninafn. Hér hefur verið farin leið málamiðlunar milli sjónarmiða jafnræðis og verndunar íslenskra nafnasiða.

Rétt er að benda á að verði frumvarpið samþykkt er fyrirsjáanlegt að horfur varðandi verndun íslenskra nafnasiða verði óljósar. Þetta á sér í lagi við hinn forna íslenska kenninafnasið, en einnig má horfa til yngri hefða varðandi íslensk ættarnöfn. Samkvæmt ákvæðum núgildandi laga um „millinöfn“ (sem geta verið ígildi ættarnafna) eru viss skilyrði um form þeirra sem greinilega taka mið af hefðum um íslensk ættarnöfn. Einnig er athugasemd að í frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir neinum takmörkunum á formi nafna, svo sem formlegum mun á eiginnöfnum og kenninöfnum.

Vegna þeirra atriða sem hér hefur verið gerð athugasemd við er ekki talið rétt að mæla með því að frumvarpið verði samþykkt óbreytt. En áréttað er að Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum er tilbúin til þess að veita ráðgjöf við endurskoðun laga um mannanöfn.

Aðalsteinn Hákonarson

verkefnisstjóri á nafnfræðisviði Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum